

1712122 – Stofnframlag úthlutun

Með vísan til 3. mgr. 2. gr. reglna Hafnarfjarðarkaupstaðar um stofnframlög leggur Matsnefnd um veitingu stofnframlaga Hafnarfjarðarkaupstaðar til við bæjastjóra Hafnarfjarðarkaupstaðar að **Heimilunum íbúðafélagi hses, kt. 410318-1720** verði úthlutað 12% stofnframlagi auk 4% viðbótarstofnframlagi, samtals 16% stofnframlag, vegna bygginga á sex íbúða búsetukjarna fyrir fatlað fólk sem mun rísa við Öldugötu 45 í Hafnarfirði. Áætlað heildarstofnvirði byggingarinnar samkvæmt umsókn er kr. 187.279.813.

Lagt er til að stofnframlagið verði veitt með lækkun lóðarverðs og gatnagerðargjalda og með vísan til 5. mgr. 14. gr. laga nr. 52/2016 og að stofnframlagið veitt með því skilyrði að það verði endurgreitt þegar þau lán sem tekin voru til að standa undir fjármögnun þeirra almennu íbúða sem sveitarfélagið hefur veitt stofnframlag til, hafa verið greidd upp. Um endurgreiðslu stofnframlags skulu fara eftir 16. gr. sömu laga.

Hafnarfirði, 6. maí 2019

f.h. Matsnefndar um veitingu stofnframlaga
Sigríður Kristinsdóttir
sviðsstjóri stjórnsýslusviðs

Með vísan til 2. gr. reglna Hafnarfjarðarkaupstaðar um stofnframlög leggur bæjarstjóri til við bæjarráð að bæjarráð staðfesti með vísan til 1. mgr. 2. gr. sömu reglna veitingu stofnframlags til Heimilanna íbúðarfélags hses vegna byggingar á sex íbúða íbúðakjarna fyrir fatlað fólk, sbr. tillögu Matsnefndar um veitingu stofnframlaga Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Stofnframlagið verði veitt með lækkun lóðarverðs og gatnagerðargjalda. Með vísan til 5. mgr. 14. gr. laga nr. 52/2016 er stofnframlagið veitt með því skilyrði að það verði endurgreitt þegar þau lán sem tekin voru til að standa undir fjármögnun þeirra almennu íbúða sem sveitarfélagið hefur veitt stofnframlag til, hafa verið greidd upp. Um endurgreiðslu stofnframlags fer eftir 16. gr. sömu laga.

Hafnarfirði, 6. maí 2019

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri